



Reykjavík, 27. nóvember 2024

**Efni: Umsögn Samtakanna '78 um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 - 2028.**

Samtökunum '78 barst beiðni frá Reykjavíkurborg þann 14. nóvember 2024 til að veita umsögn um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi. Samtökin '78 fagna umræddri aðgerðaráætlun og telja hana einkum mikilvæga. Í umsögn þessari verður farið yfir álitaeftni sem Samtökin '78 hvetja Reykjavíkurborg til að hafa í huga við lokaútgáfu aðgerðaráætlunarinnar. Ljóst er að bakslag hefur átt sér stað í samfélaginu gegn hinsegin fólki, einkum trans fólki en síðustu misseri hafa Samtökin '78 séð mikla aukningu í tilkynningu ofbeldisbrota í garð hópsins alls. Samtökin '78 árétta mikilvægi fræðslu fyrir bæði almenning, sérfræðinga og viðbragðsaðila sem endurspeglir hinsegin samfélagið, en hinsegin fólk er ekki einsleitur hópur og því er mikilvægt að skoða sérstaklega fjölbreytileikann innan hópsins og ólíkar birtingarmyndir ofbeldis í garð hópa undir hinsegin regnhlífinni. Samtökin '78 hafa víðtæka þekkingu á birtingarmyndum ofbeldis í garð hinsegin fólks og lýsa yfir áhuga og samstarfsvilja að koma að neðangreindum aðgerðum á því sviði.

Samtökin '78 vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum um eftirtaldar aðgerðir:

- Aðgerð 1: Samtökin '78 bjóða fram þekkingu sína sem innlegg inn í vinnu um upplýsta umræðu um ofbeldi gegn hinsegin fólki.
- Aðgerð 18: Hinsegin félagsmiðstöðin er mikilvægur vettvangur fyrir hinsegin börn og ungmenni. Samtökin '78 ítreka gildi þess sértæka félagslega úrræðis sem

Hinsegin félagsmiðstöðin er sem og forvarnargildi sem hún hefur inni í hóp hinsegin ungmenna og barna.

- Aðgerð 21: Samtökin '78 benda á mikilvægi þess að leitað sé til samtakanna til þess að stuðla að þekkingu og fræðslu um hinsegin fólk og heimilisofbeldi fyrir starfsfólk, ráðgjafa og lögregluna.
- Aðgerð 23: Samtökin '78 leggja til viðbót að markmiði: Viðbragðsaðilar og félagsráðgjafar þekki og séu meðvitaðir um birtingarmyndir heimilisofbeldis gegn hinsegin fólki.
- Aðgerð 27: Leggja þarf áherslu á hvert aldrað hinsegin fólk geti leitað ef það verður fyrir ofbeldi inni á sínu heimili, til að mynda af starfsfólki heimaþjónustu.
- Aðgerð 28: Samtökin '78 óska eftir að breytunum kynhneigð og kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni sé innifalið í gögnum um þolendur og gerendur í heimilisofbeldismálum.
- Aðgerð 31: Starfsfólk heimaþjónustu fái fræðslu um eldra hinsegin fólk og birtingarmyndir ofbeldis í garð þess.
- Aðgerð 33: Samtökin '78 óska eftir því að breytunum kynhneigð, kyneinkenni, kyntjáningu og kynvitund sé bætt inn í greiningu og að bæði ráðgjafar og annað starfsfólk borgarinnar sé meðvitað um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis gegn hinsegin fólki, t.a.m. að hindra aðgang að hormónalyfjum.
- Aðgerð 43: Samtökin fagna þessari aðgerð og styðja, enda mikilvægt að hinsegin fólk geti óhrætt leitað til lögreglu. Það er því mikið vægi í því að starfsfólk lögreglu þekki vel hinsegin málefni og birtingarmyndir ofbeldis.
- Aðgerð 51: Samtökin '78 óska eftir aðkomu að fræðslu fyrir dyraverði um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis í garð hinsegin fólks, en t.a.m. verða hinsegin konur sérstaklega fyrir áreitni inni á skemmtistöðum.

Samtökin '78 undirstrika vægi þess að hafa, í gerð hvers konar fræðsluefnis, málefni hinsegin fólks í huga. Stöðluð, hefðbundin orðræða geti leitt til þess að hinsegin fólk greini ekki frá þáttum sem tengjast hinseginleika og þannig missi viðbragðsaðilar af tækifærinu til

Þess að úrræði séu viðeigandi og/eða fullnægjandi. Fjölbreytileiki innan hinsegin hópsins er töluverður og reynsla innan Samtakanna '78 sýnir það til dæmis að ofbeldi gagnvart samkynhneigðum konum og samkynhneigðum körlum lýsir sér ekki eins. Hinsegin fólk er jaðarsett í samfélaginu og hafa þarf fjölþætta mismunun í huga, við gerð alls fræðsluefnis. Þekking á þessum málaflokki er gríðarlega mikilvæg innan ráðgjafa og viðbragðsaðila borgarinnar og eru Samtökin '78 reiðubúin til þess að veita fagaðilum þá fræðslu.

Virðingarfylltst,

Handwritten signature of Bergún Andradóttir in cursive script.

Bergrún Andradóttir aðstoðarframkvæmdastjóri